

Ályktanir aðalfundar NAUST 23. ágúst 2025



Umhverfismál

Líffræðileg fjölbreytni

Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða heilbrigðra vistkerfa og velferðar samfélagsins. Í dag stöndum við frammi fyrir miklum áskorunum vegna [viðstöðulausrar ofnýtingar náttúrulegra auðlinda](#) sl. áratugi. Á heimsvísu hefur þessi þróun valdið loftslagsbreytingum, útbreiðslu ágengra tegunda og stórfelldri röskun búsvæða svo fátt eitt sé nefnt, sem allt ýtir undir það hrun líffræðilegrar fjölbreytni sem nú er í gangi. **Mikilvægur liður í að snúa við blaðinu er innleiðing hringrásarhagkerfis.** Svo til allir ferlar í náttúrunni ganga í hringi og má þar t.d. nefna hringrás vatns og næringarefna, enda er það eina leiðin til viðhalda lífi til frambúðar á jörðinni. **Náttúruverndarsamtök Austurlands kalla eftir því að stjórnvöld taki náttúruna sér til fyrirmyndar og leggi í hnitmiðað og framsýnt átak til innleiðingar hringrásarhagkerfis.**

Annar liður í að snúa við blaðinu er að tryggja formlega vernd á a.m.k. 30% lands- og hafsvæða fyrir árið 2030, hið svokallaða *30-by-30* markmið Sameinuðu þjóðanna. **Aðalfundur NAUST 2025 skorar á íslensk stjórnvöld að setja fram áætlun til að ná því markmiði sem allra fyrst, enda er árið 2030 rétt handan við hornið.**

Náttúruvernd

Á Austurlandi er einstök náttúra sem veitir margskonar vistkerfisþjónustu. Þessi auðlind er þó ekki sjálfgæfin og enn síður endalaus. Lykillinn að sjálfbærri framtíð svæðisins er því skynsamleg nýting auðlinda sem byggir á vistkerfisnálgun og lífsferilsgreiningu afurða. Náttúruvernd er þar ekki andstaða framþróunar heldur undirstaða hennar, enda hafa [rannsóknir sýnt fram á samfélagslegan ávinning hennar](#). **Aðalfundur NAUST 2025 kallar eftir því að sveitastjórnir á Austurlandi standi með náttúrunni og gefi náttúruvernd stóraukið vægi við ákvarðanatökur, okkur öllum til heilla.**

Náttúruminjasrá

Húsey og Eyjasel á Úthéraði eru meðal nýjustu tillagna að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti), sú eina á víðáttumiklu félagssvæði NAUST. **Samtökin hvetja alla hlutaðeigandi aðila áfram í vinnu við vernd svæðisins.** Auk þess er ályktun frá síðasta aðalfundi ítrekuð, þar sem lögð var áhersla á að verndun votlendis nái yfir nægilega stórt svæði til þess að möguleg friðlýsing nái þeim markmiðum sem lýst er í náttúruverndarlögum.

Sjókvíaeldi

Mikið hefur verið deilt um sjókvíaeldi við Ísland á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á þeirri deilu. Því fylgir hættu á erfðablöndun við villta laxastofna, dreifingu laxalúsar og mengun hafsbotns, auk þess sem upp hafa komið atvik sem stangast á við dýravelferðarsjónarmið. **Aðalfundur NAUST 2025 krefst þess að villt lífríki fjarða fjórðungsins verði í hávegum haft, að byggt verði á vísindalegri þekkingu og að nærsamfélögin fái afgerandi hlut í ákvörðunum.**

Orkumál

Orkuframléiðsla og -nýting

Líkt og á síðustu aðalfundum hvetur NAUST til almennrar umræðu um orkumál og áform um aukna orkuvinnslu á Austurlandi. Forsenda þess að ráðast í nýjar virkjanir er að fyrir liggi hver raunveruleg þörf sé samhliða mati á orkudreifingu og orkunýtingu. Á ársfundi Landsnets í mars benti þáverandi forstjóri, Guðmundur Ingi Ásmundsson, á að **það væri ekki ávinningur af því að virkja frekar á Austurlandi** (og Norðurlandi) vegna veikleika í byggðalínunni sem komi þá til með að leiða til enn frekari flutningstakmarkana og sagði meðal annars: “Núverandi orku-markaður getur ekki tekist á við breytingarnar sem eru byrjaðar og eru fram undan í orkumálum. Lítil hvatning er til nýsköpunar og orkunýtni í núverandi markaðsumhverfi. Það þarf að taka upp kerfi sem nýtir orkuna sem við framleiðum og flytjum, því það er ekki einungis hagkvæmt fyrir okkur Íslendinga, heldur er það einnig ein besta umhverfisaðgerð sem við getum ráðist í.” Aðalfundur NAUST tekur undir þessi orð og hvetur stjórnvöld til að **setja í forgang aðgerðir til að minnka tap og fullnýta þá raforku sem nú þegar er búin til í landinu.**

Á meðan ekki er til heildstæð stefna hvað varðar orkuframléiðslu og -nýtingu hér á landi, er hætta á því að fjársterkir aðilar, oft erlendir, spilli náttúru landsins til þess eins að selja orkuna hæstbjóðanda. Slíkur iðnaður kemur orkuskiptum ekki við, heldur ýtir aðeins undir þá ofneyslu og sóun auðlinda sem hefur komið okkur í þá alvarlegu stöðu sem við erum í dag í umhverfismálum. **Þess vegna kallar aðalfundur NAUST 2025 eftir því að heildstæð stefna í bæði orkuframléiðslu, -dreifingu og -nýtingu verði unnin fyrir Austurland og Ísland allt.**

Vindorkuáform

Aðalfundur NAUST 2025 varar við stórtækum áformum um vindorkuver á starfssvæði samtakanna, sem er jafnvel að finna á víðáttumiklum votlendissvæðum upp til heiða, við anddyri Þjóðgarðsins. Samtökin hafa þungar áhyggjur af framtíð heiðalanda fjórðungsins, sem eru í dag nýttar af bæði mönnum og dýrum á margvíslegan hátt. Vegna mikilvægi þeirra í náttúrulegu og menningarlegu samhengi væri nær að stefna að því að upphefja þau og vernda, fremur en að brjóta þau upp með óafturkræfu raski og umbreyta þeim í suðandi og blikkandi iðnaðarsvæði.

Hamarsvirkjun og rammaáætlun

Á Hraunasvæðinu, hálendinu upp af syðstu fjörðum Austfjarða, er svokölluð Hamarsvirkjun fyrirhuguð, en afdráttarlaust álit verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar var að hún skyldi sett í verndarflokk. Nú hefur hins vegar ráðherra umhverfismála lagt fram tillögu um að Hamarsvirkjun verði færð aftur í biðflokk, þvert á vel rökstutt álit rammaáætlunar. **NAUST fordæmir þessa ákvörðun ráðherra og áréttar að rammaáætlun er margþátta og viðamikil ferli sem byggir á faglegum forsendum, vísindalegum niðurstöðum og stigskiptum samanburði. Því þurfa afar veigamikil rök að vera til staðar ef hafa á niðurstöður hennar að engu.**

„Smávirkanir“

NAUST ítrekar ákall frá síðasta aðalfundi um endurskoðun allra áhrifapátta svokallaðra smávirkjana allt að 9,9 MW. Umhverfisáhrif virkjana innan þessa stærðarflokks eru afar breytileg eftir staðháttum og því eru megavött ómarktækt viðmið. Samtökin gera kröfu um að allar nýjar virkjanir fari í umhverfismat og inn í rammaáætlun og að undanþágur verði aðeins veittar minniháttar virkjunum til heimilisnota og smærri atvinnurekstrar til sveita.